



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
4. október 2011

ÚTBOÐ ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 13 0517 OG RIKB 16 1013

Föstudaginn **7. október kl. 11:00** fer fram útboð hjá Lánamálum ríkisins með tilboðsfyrirkomulagi.

Boðin verða til sölu óverðtryggð bréf í flokkunum **RIKB 13 0517** og **RIKB 16 1013**. Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknu útboði.

Lánamál ríkisins áskilja sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útboðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir munu Lánamál ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnvirði þess sem selt var í útboðinu til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 11. október 2011. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni.

Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudagurinn 12. október 2011.

Nánari upplýsingar veitir Oddgeir Gunnarsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.